

Námsefnið

Í kennslustundum notum við meðal annars námsefnið AHA! sem er byggt á hugmyndafræði og rannsóknum jákvæðrar sálfræði og er rauði þráðurinn í efninu hafður eftir orðum Jesú Krists: „Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig“. Einnig horfum við á fræðandi þætti sem kenna grunnatriði kristinnar trúar á auðskilinn hátt sem höfðar til unglinga. Við fjöllum einnig um sorg, gleði, sjálfsmynd, þakklæti, fyrirgefningu, sköpun og umhverfisvernd. Fimm af messum vetrarins verða sérstaklega ætlaðar fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra.

Fræðsludagar

Fermingarstarfið hefst með skemmtilegum fræðsludögum í sömu viku og skólar hefjast, eða dagana 19.-22. ágúst. Auk fræðslustunda verður námið brotið upp með leikjum og söng. Svo fáum við góða gesti í heimsókn. Sunnudaginn 25. ágúst kl. 20 bjóðum við fermingarbörn og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin í skemmtilega messu sem markar upphaf vetrarins.



Skráning

Hefst kl. 21.30 sunnudaginn 5. maí á lindakirkja.is/fermingar

Fermingarfræðslugjald er 32.000 kr.

fyrir börn sem eru skráð í þjóðkirkjuna en annars er gjaldið 42.000 kr. fyrir þau sem eru utan þjóðkirkju.

Innifalið er fræðsla, kyrtilleiga, ljósmyndun á fermingardaginn ofl. Háfið samband við Lindakirkju ef einhverjir greiðsluferfiðleikar eru fyrir hendi.



Lindakirkja

Lindakirkja | Uppsölum 3 | 201 Kópavogur

Sími 544 4477

lindakirkja@lindakirkja.is

www.lindakirkja.is

VETURINN 2024-2025

Fermingar fræðsla



Lindakirkja

www.lindakirkja.is



Sr. Guðni Már



Sr. Dís



Sr. Guðmundur Karl

Komið þið sæll!

Með þessum bæklingi viljum við boða til messu og fundar foreldra og forráðamanna fermingarárangangs 2025 í Lindakirkju sunnudagskvöldið 5. maí kl. 20. Í kjölfar fundarins hefst svo skráning fermingarbarna á lindakirkja.is/fermingar, eða kl. 21.30 sama dag.

*Bestu kveðjur,
Prestarnir*



Hvað erum við að gera?

Upplýst trú, gagnvirk fræðsla

Markmið okkar með fermingarfræðslunni í Lindakirkju er að veita góða kennslu um kristna trú, svo fermingarbörnin taki upplýsta og heiðarlega ákvörðun um að gera Jesú Krist að leiðtoga og fyrirmynd lífsins. Við tökum spurningum fagnandi, viljum að börnin velti hlutum upp á sínum forsendum og leitumst við að gera tilvistarspurningarnar áhugaverðar og skemmtilegar. Virðing er borin fyrir öllum skoðunum og ólíkum sjónarhornum. Talsvert verður notast við tölvutæknina í fræðslunni auk skemmtilegra verkefna af ýmsum toga.

Kennslustundir og helgistundir

Við leitumst við að virkja fermingarbörnin á ýmsum sviðum í fræðslunni, til dæmis í söng og óskum eftir að heyra um ef einhver þeirra spila á hljóðfæri. Í fræðslunni kallast á hefðbundnar kennslustundir og helgistundir, þar sem áhersla er lögð á að kenna biblíusögur, biðja og syngja. Einnig verða unnin skemmtileg hópaverkefni.

Fjölbreytt kirkjustarf

Fermingarbörn í Lindakirkju og fjölskyldur þeirra eru ávallt velkomin í guðspjónustu. Messað á sunnudagskvöldum kl. 20:00. Æskulýðsstarfið er lífflegt og þar er margt brallað. Auk þess er Unglingagospelkór Lindakirkju mjög öflugur og hvetjum við fermingarbörnin sérstaklega til að taka þátt í honum.

Hjálparstarf

Í fermingarfræðslu Lindakirkju tökum við þátt í söfnunarverkefni á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Ferðalag í Vatnaskóg í október

Einn af hápunktum vetrarins er fermingarnámskeið í Vatnaskógi þar sem gíst verður í tvær nætur. Mörgum fermingarbörnum hefur þótt veran þar meiriháttar upplifun, enda hefur staðurinn upp á svo ótalmargt að bjóða. Þar sem gíst verður í tvær nætur er gjaldið ögn hærra en hjá öðrum söfnuðum. Fullt verð á námskeiðinu er 26.100 kr. en fyrir börn í þjóðkirkju verður ferðin greidd niður að hluta.

Börn úr Vatnsenda- og Kóraskóla fara eftir skóla þriðjudaginn 8. október til fimmtudagsins 10. október 2024. Börn úr Sala- og Lindaskóla fara eftir skóla þriðjudaginn 15. október til fimmtudagsins 17. október 2024. Hafið samband við Lindakirkju ef einhverjir greiðsluferfiðleikar eru fyrir hendi.



Skráning hefst

Opnað verður fyrir skráningu í fermingarfræðslu næsta vetrar á www.lindakirkja.is/fermingar sunnudaginn 5. maí kl. 21.30.

Fermingardagar vorið 2025

Laugardagur 29. mars kl. 10:30 og 13:30

Sunnudagur 30. mars kl. 13:30

Laugardagur 5. apríl kl. 10:30 og 13:30

Sunnudagur 6. apríl kl. 13:30

Laugardagur 12. apríl kl. 10:30 og 13:30

Pálmasunnudagur

13. apríl kl. 13:30

